

C. Vélar.

93

7. maí

Þar, sem orkan er notuð til vélareksturs, skal hún seld:

1. Um kwst.mæli á 60 aura hver kwst. Hafi vélarinnar mjög stuttan notkunartíma á ári, má krefjast minnsta árgjalds frá kr. 125.00 til kr. 150.00 á hvert uppsett kw. vélanna. Eftir þessum gjaldskrárlíð má einnig selja raforku til götu- og hafnarlýsingar, svo og til nota um vinnulagnir við byggingar meðan á byggingu stendur.
2. Ef uppsett rafvélaafl fastra véla við fiskiðnað er yfir 20 kw.,
um kwst.mæli á 16 aura hver kwst. fyrstu 50 þúsund kwst.
—, — 14 —, — næstu 50 —, —
—, — 12 —, — — 50 —, —

Notkun, sem er umfram 150 þúsund kwst. á ári greiðist með 10 aurum hver kwst. Áskilur rafveitan sér rétt til að rjúfa straum allt að 2 stundum um hádegi og 1 stund á kvöldi, á tímum mesta álags.

D. Hitun.

1. Um kwst.mæli á 12 aura hver kwst., enda sé þá minnsta notkun 6000 kwst. á ári. Notkun umfram 10000 kwst. á ári greiðist með 10 aur. hver kwst. Sala á rafmagni samkvæmt þessum gjaldskrárlíð er háð því skilyrði að straumurinn sé rofinn, frá kl. 10.45 til 12 og frá kl. 18 til 19.30.
2. Um kwst. mæli á 4 aura hver kwst. Sala á rafmagni samkvæmt þessum gjaldskrárlíð er háð því skilyrði, að straumurinn sé rofinn frá kl. 8.30 til 23.
Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:
 - a. Að vélaafl, götulínur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
 - b. Að klukkurofar séu fánlegir, og að notandi kosti tengingu þeirra, og greiði leigur fyrir þá, samkv. reglum, er gilda um leigu mæla.

II. MÆLALÆIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir veitu þeirri, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum, sem hér segir:

1. Af einfasa mælum upp að 30 Amp. kr. 1.50 á mánuði.
2. Af þrífasa mælum 50 Amp. og minni — 3.00 — —
3. Af þrífasa mælum 50 Amp. til 200 Amp. — 7.00 — —
4. Af þrífasa mælum yfir 200 Amp. — 10.00 — —

III. HEIMTAUGARGJALD

Af þeirri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugargjald, sem miðast við brunabótamat á húsum og mannvirkjum á þann hátt, sem hér segir:

Frá kr.	Brunabótamat:	Jarðlína:	Loftlína:
	0— 10 000	kr. 1 000	kr. 800
— —	10 000— 25 000	— 1 300	— 1 025
— —	25 000— 50 000	— 1 600	— 1 350
— —	50 000— 75 000	— 1 875	— 1 525
— —	75 000—100 000	— 2 000	— 1 600
— —	100 000 og yfir	— 2 100	— 1 700

Ef brunabótamat á húsi er gamalt, getur rafveitustjóri samræmt það nýju mati og miðað heimtaugargjaldið við það. Láti húseigandi meta húsið á ný skal þó heimtaugargjaldið miðast við það mat.

93 Greiði húseigandi áætlaðan helming heimtaugargjaldsins um leið og heimtaugar-
7. maí uppsetningu er lokið, er heimilt að veita honum gjaldfrest í allt að 12 mánuði á eftir-
stöðvunum. Heimtaugargjald fellur í gjalddaga, þegar brunabótamat hússins hefur
verið framkvæmt.

Sé lengd jarðlínuheimtaugar meiri en 25 metrar, og loftlínuheimtaugar meiri en
60 metrar, og (eða) gildleiki víra meiri en 3×70 qmm., skal húseigandi greiða
kostnað af því, sem fram yfir er.

Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að húsinu, skal greiða allan kostnað við
síðari heimtaug eftir reikningi.

IV. ÝMIS GJÖLD

1. Opnunargjald.

Hafi gjald samkv. gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið
fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduroppnun 10 krónur.

2. Óleyfileg vör.

Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafar-
laust, og verður hún eigi opnuð, fyrr en notandinn hefur greitt 10 kr. gjald á skrif-
stofu rafveitunnar.

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í I. kafla
þessarar gjaldskrár, um allt að 20% án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda
auglýsi hreppsnefndin breytinguna í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

V. BRÁÐABIRGÐAÁKVÆÐI

Fyrst um sinn skal rafmagn til suðu fyrst og fremst miðað við lagnir í ný hús,
er ekki hafa önnur eldfæri og er óleyfilegt að taka burt nothæfar eldavélar til þess
að setja í staðinn rafsuðuvélar. Fyrst um sinn skal einnig útiloka frystihúsavélar
á tímanum kl. 10.45 til 12 fyrir hádegi og þegar spennan er lág ber að útiloka allar
vélar yfirleitt eftir því, sem hægt er.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923,
og raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist
til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 7. maí 1947.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón S. Ólafsson.

94
12. maí

ARÐSKRÁ

fyrir Veðifélag Vatnsdalsár.

1. Hjaltabakki	26 einingar.
2. Skinnastaðir	40 —
3. Ákur	69 —
4. Stóra-Giljá	7 —
5. Beinakelda	3 —
6. Litla-Giljá	5 —
7. Hnausar	91 —
8. Bjarnastaðir	72 —